



## SKJALDBORG OG KERLING Í BLÁSKÓGABYGGÐ

Deiliskipulag fjallasels

06.09.2022



Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann \_\_\_\_\_

f.h. Bláskógabyggðar

---

Deiliskipulagið var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

## UPPLÝSINGAR

---

### SKJALALYKILL

---

3339-017-DSK-003-V01

### HÖFUNDUR

---

Ingibjörg Sveinsdóttir

### RÝNT

---

Sólveig Olga Sigurðardóttir

**EFNISYFIRLIT**

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>4</b>
<b>1.1</b>	<b>Markmið</b>	<b>4</b>
<b>1.2</b>	<b>Skipulagsgögn</b>	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>4</b>
<b>2.1</b>	<b>Náttúrufar</b>	<b>5</b>
<b>2.2</b>	<b>Verndarsvæði</b>	<b>5</b>
2.2.1	Svæði á náttúruminjaskrá	5
2.2.2	Vernd vatnasviðs Þingvallavatns	5
<b>2.3</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>6</b>
2.3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.3.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	6
2.3.3	Deiliskipulag	8
2.3.4	Þjóðlenda	9
2.3.5	Fornminjar	9
<b>3</b>	<b>DEILISKIPULAG – SKIPULAGSSKILMÁLAR</b>	<b>9</b>
<b>3.1</b>	<b>Lóð</b>	<b>9</b>
<b>3.2</b>	<b>Byggingarskilmálar</b>	<b>10</b>
<b>3.3</b>	<b>Samgöngur</b>	<b>10</b>
<b>3.4</b>	<b>Veitur</b>	<b>11</b>
3.4.1	Rafmagn	11
3.4.2	Neysluvatn	11
3.4.3	Fráveita	11
<b>3.1</b>	<b>Regnvatn</b>	<b>11</b>
<b>3.2</b>	<b>Sorp</b>	<b>12</b>
<b>4</b>	<b>ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR</b>	<b>12</b>
<b>4.1</b>	<b>Hönnun og uppdrættir</b>	<b>12</b>
<b>4.2</b>	<b>Mæliblöð</b>	<b>12</b>
<b>4.3</b>	<b>Frágangur lóða og umgengni</b>	<b>12</b>
<b>5</b>	<b>UMHVERFISMATSSKÝRSLA</b>	<b>12</b>
<b>5.1</b>	<b>Matsspurningar og viðmið</b>	<b>12</b>
<b>5.2</b>	<b>Valkostir</b>	<b>13</b>
5.2.1	Niðurstaða	15
<b>6</b>	<b>SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ</b>	<b>15</b>
<b>6.1</b>	<b>Skipulagsferlið</b>	<b>16</b>

## 1 INNGANGUR

Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur vinna að gerð deiliskipulags fyrir skálann Skjaldborg og Kerlingu í Bláskógabyggð. Skjaldborg er í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps og Kerling í eigu Bláskógabyggðar. Skjaldborg og Kerling standa við Eyfirðingaveg norðan undir Tindaskaga.

Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu nýrra skála í þeirra stað. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Skipulagssvæðið er um 1,2 ha.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF9.

### 1.1 Markmið

Með deiliskipulaginu er settur rammi um starfsemi á svæðinu og viðhald hennar til framtíðar. Framkvæmdir verða í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Markmið með gerð deiliskipulags eru eftirfarandi:

- Skilgreina lóðir fyrir núverandi mannvirki og afmarka byggingareiti fyrir ný mannvirki.
- Setja byggingarskilmála þar sem m.a. verður kveðið á um samræmt yfirbragð mannvirkja.
- Útbúa lóðablöð fyrir allar lóðir.
- Áhersla er á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd.

### 1.2 Skipulagsgögn

Skipulagssupprættir eru unnir á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, kortagrunnum IS50v frá LMÍ, auk grunna sveitarfélagsins. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagssuppráttur í mkv. 1:2.000 og hluta úr Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfismatsskýrslu.

## 2 FORSENDUR

Skálarnir Skjaldborg og Kerling eru við Eyfirðingaveg, norðan við Tindaskaga. Aðkoma er af Eyfirðingavegi. Fjórir skálar eru á staðnum, tveir gistiskálar og tvö hesthús, auk tveggja lítilla húsa.

Einn svefnskáli er byggður 1997, stærð um 19 m<sup>2</sup>, landnr. 179591. Skáli í eigu Bláskógabyggðar.

Þrjú skálar eru skráðir á landnúmerið 170152. Fjallaskáli byggður 1980, stærð um 24 m<sup>2</sup>. Hesthús byggt 1950, stærð 54 m<sup>2</sup>. Hesthús byggt 2016, stærð um 88 m<sup>2</sup>. Skálar í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Einn skáli er skráður á landnúmerið 168225. Í Þjóðskrá kallast hann Dalabúð, byggður 1970 og er 6 m<sup>2</sup>.

Nokkur umferð er um Eyfirðingaveg yfir sumartímann, bæði á jeppum og fjallahjólum. Hestahópar nýta skálana talsvert.

Eyfirðingavegur opnast að jafnaði fyrri hlutann í júní og er einhver umferð fram á haustið og eins á snjó á veturna. Fjallaselið er í um 520 m hæð yfir sjó og mótast náttúrufar af því.

## 2.1 Náttúrufar

Skálar eru á hálfgrónu hraunasvæði sem vaxið er mosa. Nokkur gróður er á svæðinu en einnig mörg rofsár. Vistgerðir á svæðinu eru skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar; mólendi, moslendi og hraunlendi. Skjaldborg og Kerling eru í Skjaldbreiðarhrauni.

## 2.2 Verndarsvæði

### 2.2.1 Svæði á náttúruminjaskrá

Skálar eru innan svæðis á náttúruminjaskrá, 740 Skjaldbreið og nágrenni.

Eftirfarandi texti er í náttúruminjaskrá: „Að sunnan frá 532 m hæðarpunkti í Lágafelli eftir beinni línu dreginni í 1.005 m hæðarpunkt á Skriðu. Þaðan í 671 m hæðarpunkt á Skaga og í Hlöðufell, þá í 670 m hæðarpunkt suður af Langafelli, í Litla-Björnsfell, þá í sýslumörk og suður eftir hreppamörkum Þingvalla- og Laugardalshrepps. Skjaldbreiður er eldfjall, og er fagurformuð hraundyngja, 1.060 m h.y.s“.

Í 3 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 kemur fram að standa skuli vörð um óbyggð víðerni landsins. Skjaldborg og Kerling eru innan víðerna hálendisins.

### 2.2.2 Vernd vatnasviðs Þingvallavatns

Verndun vatnasviðs Þingvallavatns skv. lögum nr. 85/2005. Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Ráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir nánari reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna.

Vatnsverndun á landinu skal ekki standa í vegi fyrir því að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparnot af nytjalandi sínu, nema ráðherra telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spillt.

## 2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag miðhálandis Íslands

Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins. Uppbygging ferðamannaaðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins. Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins.

Skjaldborg og Kerling eru fjallasel skv. landsskipulagsstefnu. Gisting er í gistiskálum auk tjaldsvæða. Eru að jafnaði stakir fjallaskálar, en eftir atvikum getur einnig verið hesthús eða önnur smærri fylgihús. Starfsemi felst í rekstri gistiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits.

### 2.3.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 eru skálar á afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálandinu.

#### Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- Nýting núverandi fjallaskála verði eflid.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.
- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Nota skal byggingarefni sem þarfnast lítils viðhalds.
- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingu og öðrum þjónustubyggingum.
- Gert verður ráð fyrir að bæta aðstöðu í gistiskálum og á tjaldsvæðum, m.a. til að bæta öryggi og mæta auknum kröfum ferðamanna.
- Afmarkaðar verði lóðir fyrir alla skála á hálandinu.

Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru. Við endurgerð bygginga á hálandinu eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar

ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi. Á hálendinu skal gera ráð fyrir upplýsinga- og snyrtiaðstöðu og að allt að 50 manns geti gist í húsi á hverjum stað, nema annað sé tekið fram.

Á hálendinu er almennt gert ráð fyrir að svæði fyrir fjallasel séu á bilinu 0,5-3 ha að stærð. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hesthús verði færð fjær gistiskálum (t.d. 500 m) til að skapa meira svigrúm, þetta hefur þó engin áhrif á byggingarmagn á hverjum stað.

**TAFLA 1.** Umfjöllun úr aðalskipulagi um þjónustu og hugsanlega uppbyggingu.

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRÐ
AF9	Skjaldborg	Fjallasel. Skáli við Tindaskagahorn SA Skjaldbreiðar. Gistipláss fyrir 12 manns. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur

## Hálendið

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.
- Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.
- Byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi húsa þar sem það á við.
- Við endurbyggingar/nýbyggingar verður tekin afstaða til þess hvort halda skuli í ásýnd eldri byggðar eða móta nýja ásýnd sem fellur betur að umhverfi.
- Bæta þarf öryggi á hálendissvæðum m.a. með mögulegu aðgengi að húsum og mannvirkjum utan hefðbundins rekstartíma til að leita þar skjóls.


## Verndarsvæði og minjar

Eftirfarandi markmið eru í aðalskipulagi fyrir verndarsvæði og minjar:

- Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna.
- Stuðlað verði að góðri umgengni um hálendið, álag verði undir þölmörkum viðkvæmra svæða og reynt að viðhalda sem stærstum óbyggðum víðernum.
- Mannvirkjagerð leiði til eins líttillar röskunar og kostur er, sérstaklega á hálendinu.

Skálar eru innan svæðis á náttúruminjaskrá, Skjaldbreið og nágrenni nr. 740.





**MYND 1.** Hluti af Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Fjallaselið er innan rauða hringsins.

### Samræmi tillögu við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Stefna deiliskipulagstillögunnar er metin í samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag.

#### 2.3.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Skjaldborg og Kerlingu.



#### 2.3.4 Þjóðlenda

Stór hluti hálendis í Bláskógabyggð er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutað-eigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfenað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

#### 2.3.5 Fornminjar

Aðalskráning fornminja hefur ekki farið fram í Bláskógabyggð. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

### 3 DEILISKIPULAG – SKIPULAGSSKILMÁLAR

Gerð er grein fyrir núverandi og nýjum mannvirkjum. Afmarkaðar eru þrjár lóðir umhverfis mannvirki.

#### 3.1 Lóð

Skjaldborg, landnr. 170152. Afmörkuð er 899,9 m<sup>2</sup> lóð umhverfis núverandi mannvirki: Fjallaskáli stærð um 24 m<sup>2</sup>.

Skjaldborg hesthús stærð 54 m<sup>2</sup> og hestagerði. Landnr. 170152. Afmörkuð er 2.393,1 m<sup>2</sup> lóð umhverfis hesthús og hestagerði.

Kerling, landnr. 179591. Afmörkuð er 1.649,671 m<sup>2</sup> lóð umhverfis núverandi mannvirki: Fjallaskáli stærð um 19 m<sup>2</sup>. Einn skáli er skráður á landnúmerið 168225. Í þjóðskrá kallast hann Dalabúð, byggður 1970 og er 6 m<sup>2</sup>.

### 3.2 Byggingarskilmálar

Afmarkaðar eru tvær lóðir fyrir gistiskála og ein fyrir hesthús. Byggingareitur er innan hvernar lóðar. Fyrir gistiskála er val um hvort byggt verði upp skv. heimild A eða heimild B.

Heimilt er að vera með tvo gistiskála. Heildar byggingarmagn þeirra getur verið 200 m<sup>2</sup>. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Fyrir gistiskála er val um hvort byggt verður upp á sitt hvorri lóðinni eða hvort sameinast verður um uppbyggingu stærri mannvirkja á einni lóð.

Mænishæð getur verið allt að 5,5 m m.v. gólfkóta. Heimilt er að vera með salerni í skálum.

Byggingarefni er frjálst en leitast skal við að nota byggingarefni sem þarfnast lítils viðhalds. Gæta skal samræmis í útliti og litavali allra bygginga á staðnum. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er. Þá skal við framkvæmdir leitast við að hlífa gróðri og lágmarka rask á landi. Gert er ráð fyrir að eldra hesthús verði fjarlægð.

**Skjaldborg hesthús**, landnr. 170152. Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum og afmarka tvö hólf fyrir hesta. Ekki er heimilt að beita hrossum á svæðinu heldur skal hey flutt úr byggð, af öruggum svæðum m.t.t. sauðfjárveikivarna. Afgangs hey skal notað til uppgræðslu á staðnum í samráði við Fjallskilanevnd og Landgræðsluna.

#### Heimild A fyrir gistiskála

**Skjaldborg**, landnr. 170152. Heimilt er að stækka núverandi skála í allt að 100 m<sup>2</sup> eða byggja nýjan 100 m<sup>2</sup> skála í hans stað. Gisting getur verið fyrir allt að 20 gesti.

**Kerling**, landnr. 179591. Heimilt er að stækka núverandi fjallaskála í allt að 100 m<sup>2</sup> eða byggja nýjan 100 m<sup>2</sup> skála í hans stað. Gisting getur verið fyrir allt að 20 gesti. Innan lóðar er einnig 6 m<sup>2</sup> skáli sem kallast Dalabúð og er nýttur sem geymsla/kamar.

#### Heimild B fyrir gistiskála

**Skjaldborg eða Kerling**. Ef sameinast verður um uppbyggingu á staðnum þá er heimilt að stækka annan hvorn núverandi gistiskála eða byggja einn nýjan. Heildar byggingarmagn gistiskála getur verið allt að 200 m<sup>2</sup>. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti.

### 3.3 Samgöngur

Aðkoma er um Eyfirðingaveg, sem er vegslóði. Bílastæði eru innan hvernar lóðar.

Ekki er um eiginlega reiðleið að ræða að skálanum heldur er riðið eftir Eyfirðingavegi.

### 3.4 Veitur

#### 3.4.1 Rafmagn

Ekkert rafmagn er á staðnum en heimilt er að rafvæða skálann ef rafstrengur verður lagður um svæðið. Heimilt er að afla rafmagns á staðnum allt að 10 kV, með vindrafstöð eða sólarsellu, allt að 100 m<sup>2</sup> að stærð. Ef rafmagn er framleitt með vindrafstöð skal hún samnýtt fyrir öll mannvirki á staðnum.

#### 3.4.2 Neysluvatn

Ekkert vatnsból er á staðnum heldur er neysluvatn flutt úr byggð. Heimilt er að bora eftir neysluvatni. Öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

Regnvatni af þökum húsa er safnað í tank og nýtt sem drykkjarvatn fyrir hross.

#### 3.4.3 Fráveita

Vegna þess hve svæðið er þurrt er verið með kamar á staðnum. Samkvæmt gr. 13.5 í reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 er heimilt að vera með þurrsalerni þar sem fráveitum verður ekki við komið eða þar sem landfræðilegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur. Búnaður fyrir þurrsalerni skal vera af viðurkenndri gerð og samþykktur af heilbrigðisnefnd.

Finnist nægilegt neysluvatn á svæðinu er heimilt að koma upp vatnssalerni og tengja það við rotþró. Rotþró skal samnýtt fyrir öll mannvirki eftir því sem þarf og við verður komið vegna náttúrufarslegra aðstæðna. Frágangur og gerð rotþróar og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal aðkomu að rotþró til tæmingar.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands skal samþykkja nýjar og endurbættar fráveitur og búnað sem notaður er við meðhöndlun, hreinsun og losun skólps á svæðum sem eru innan vatnasviðs Þingvallavatns, skv. 15. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns m.s.br.

Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999, með síðari breytingum.

### 3.1 Regnvatn

Bent er á þann kost að veita vatni af húspökum beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúða undir yfirborði, sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytili smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

### 3.2 Sorp

Á staðnum skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Rúlluplasti skal safnað sér. Sorpi skal ekið til byggða til endurvinnslu. Skipulag sormála fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

## 4 ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

### 4.1 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag bygginga á lóðinni. Þakform og mænisstefna er frjálst en gæta skal að innbyrðis samræmi.

### 4.2 Mæliblöð

Á mæliblöðum skal sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingareiti húsa og bílastæði.

### 4.3 Frágangur lóða og umgengni

Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Umgengni skal vera til fyrirmyndar og skal halda svæðinu sem snyrtilegustu. Að framkvæmdum loknum skal aðlaga land að landinu umhverfis og færa í sem upprunalegast horf. Við framkvæmdir skal haft í huga að þær leiði ekki til jarðvegsrofs.

Ef útilýsing er á staðnum skal hún vera lágstemmd og ljósi beint niður.

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

### 5.1 Matsspurningar og viðmið

Stefna deiliskipulagsins og líkleg áhrif hennar verða metin út frá þáttum í eftirfarandi töflu:

**TAFLA 2.** Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.





UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i>	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. <ul style="list-style-type: none"><li>Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Nota skal byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds.</li></ul>	Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðis? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Skerðir stefnan viðerni?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<i>Víðerni. Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Byggingar skulu vera lágrestar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi húsa þar sem það á við.</li> </ul> <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.</li> <li>Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og eflir gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.</li> <li>Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
<b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi Búsvæði dýra.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við stefnuna. <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana. <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi.</li> </ul>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?
<b>Samfélag</b> <i>Þjónusta við ferðamenn. Atvinnulíf. Útivistarmöguleikar.</i>	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. <ul style="list-style-type: none"> <li>Gert verður ráð fyrir að bæta aðstöðu í gistiskálum og á tjaldsvæðum, m.a. til að bæta öryggi og mæta auknum kröfum ferðamanna.</li> <li>Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.</li> </ul> <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Ferðaðþjónusta: Uppbygging stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks. Gætt verði að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.</li> </ul>	Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá. Hverfisvernd. Fornminjar.</i>	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. <ul style="list-style-type: none"> <li>Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálandisins.</li> <li>Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.</li> </ul> <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar, menningarminja og sögu.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

## 5.2 Valkostir

Í umhverfismati ber að fjalla um svokallaðan núll-kost og bera stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á.

Bornir eru saman þeir valkostir sem fjallað er um hér að aftan. Fyrirhuguð uppbygging er í samræmi við stefnu í aðalskipulagi. Núverandi skálar eru í Skjaldbreiðarhrauni. Metið er að það sé heppilegra að byggja upp í tengslum við núverandi skála fremur en byggja upp á nýjum stað. Því er uppbygging skv. deiliskipulagstillögu borin saman við núll kost. Lagt er mat á hvort áhrifin séu talin jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss.







-  Jákvæð áhrif. Stefna skipulagsins styður umhverfisviðmið.
-  Neikvæð áhrif. Stefna skipulagsins gengur gegn umhverfisviðmiði.
-  Óveruleg áhrif. Stefna skipulagsins hefur lítil eða engin áhrif á umhverfisviðmið
-  Óviss áhrif. Óvíst er hver áhrif stefnunnar geta verið á umhverfisviðmið.

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:



- **Uppbygging skv. deiliskipulagstillögu.** Heimilt er að vera með tvo gistiskála. Heildar byggingarmagn þeirra getur verið 200 m<sup>2</sup>. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Heimilt er að vera með hesthús.
- **Núll kostur – núverandi staða.** Á svæðinu eru tveir fjallaskálar og tvö hesthús, auk tveggja minni húsa. Gisting er fyrir 12 gesti.

### Samanburður


#### Uppbygging skv. deiliskipulagstillögu

UMHVERFISÞÁTTUR	HELSTU UMHVERFISÁHRIF	ÁHRIF
Land og landslag	Skálarnir eru byggðir á Skjaldbreiðarhrauni sem raskast við framkvæmdir. Settir eru skilmálar um að við framkvæmdir skuli ekki raska stærra svæði en nauðsynlegt er. Auk þess er aðeins heimiluð minniháttar uppbygging til viðbótar við það sem er í dag. Mannvirki eru alltaf sýnileg en um tiltölulega litla uppbyggingu er að ræða og settir skilmálar um að aðlaga mannvirki að landi og forðast óþarfa rask. Engin áhrif á víðerni þar sem svæðið er uppbyggt.	
Gróður og dýr	Svæðið er hálfgróið hraunasvæði, vaxið mosa, en einnig nokkuð rofið og rofsjár sjáanleg. Aðeins er heimiluð minniháttar uppbygging til viðbótar við núverandi mannvirki, auk þess eru settir skilmálar um að ekki skuli raska stærra svæði en nauðsynlegt er. Neikvæð áhrif ættu að verða lítil og staðbundin.	 
Heilbrigði	Ganga þarf betur frá fráveitu og æskilegt er að finna lausn á því að afla neysluvatns á staðnum.	
Samfélag	Bætt aðstaða er líkleg til að fjölga eitthvað þeim sem dvelja í skálanum. Það skapar atvinnu ef nýting skálans verður meiri. Þá skapast aðstæður fyrir notkun svæðisins til fjölbreyttrar útivistar.	
Náttúru og menningarmínjar	Skálinn er innan svæðis á náttúruminjasrá. Uppbygging skv. deiliskipulagstillögu er ekki talin hafa teljandi áhrif á það.	

#### Núll kostur – núverandi staða

UMHVERFISÞÁTTUR	HELSTU UMHVERFISÁHRIF	ÁHRIF
Land og landslag	Skálarnir eru byggðir á Skjaldbreiðarhrauni. Mannvirki eru alltaf sýnileg. Engin áhrif á víðerni þar sem svæðið er uppbyggt.	
Gróður og dýr	Svæðið er hálfgróið hraunasvæði, vaxið mosa, en einnig nokkuð rofið og rofsjár sjáanleg.	



UMHVERFISÞÁTTUR	HELSTU UMHVERFISÁHRIF	ÁHRIF
Heilbrigði	Ganga þarf betur frá fráveitu og æskilegt er að finna lausn á því að afla neysluvatns á staðnum.	
Samfélag	Skálar eru eitthvað nýttir fyrir ferðaþjónustu.	<input type="radio"/>
Náttúru og menningarminjar	Skálinn er innan svæðis á náttúruminjaskrá.	<input type="radio"/>

### 5.2.1 Niðurstaða

Eitt af markmiðum í aðalskipulagi er að nýting núverandi fjallaskála verði eflað og aðstaða í þeim bætt. Einnig að afmarkaðar verði lóðir fyrir alla skála. Stefna deiliskipulagsins fellur vel að þessum markmiðum. Gert er ráð fyrir að mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar svæðisins og mögulegt er og að land verði lagfært að framkvæmdum loknum og aðlagð að landi umhverfis. Allt hey verður flutt úr byggð svo ekki er um beit hrossa að ræða.

Í samræmi við landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir takmarkaðri mannvirkjagerð.

Sveitarfélagið metur það svo að með uppbyggingu ferðaþjónustu á hálendinu sé verið að beina ferðamönnum á ákveðin svæði þar sem þjónusta er að fá. Með því sé stuðlað að betri umgengni um hálendið og vernd viðkvæmari svæða. Þar sem aðkoma að Kerlingu og Karli er um vegslóða er einungis reiknað með frekar fáum ferðamönnum þó þeim kunni að fjölga eitthvað. Talið er að staðurinn verði áfram einkum nýttur af hestahópum og þeim sem stunda einhvers konar útivist á svæðinu.

## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagið var unnið í samráði Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skipulagslýsing var auglýst sumarið 2022 og bárust umsagnir um hana frá eftirtöldum aðilum: Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Landsneti. Umsagnir voru hafðar til hliðsjónar við vinnslu deiliskipulagstillögunnar.

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga. Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Forsætisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Vegagerðin
- Brunavarnir Árnessýslu

## 6.1 Skipulagsferlið


Skipulagslýsing auglýst  
sumarið 2022.



Deiliskipulagstillaga  
auglýst haustið 2022.










Deiliskipulag staðfest  
um áramót 2022/2023.



ÆDALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

### DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR

#### SKÝRINGAR

-  Lóðamörk
-  Byggingareitur
-  Vegur
-  Rotþró, möguleg staðsetning
-  Hesthús, verður rifð
-  Núverandi hús
-  Skipulagssvæði

#### SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR

Skipulagsgögn:  
Deiliskipulagsuppráttur  
Greinargerð með forsendum og umhverfismatskýrslu

Kortagrunnar:  
Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.  
ISS0v frá LMÍ.



Skjaldborg og Kerling  
Bláskógabyggð  
Deiliskipulag fjallasels

VERK:	BLADSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
3339-017	A3	IS	SOS

MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:
1:2.000	06.09.2022	---

SAMPYKKT: **TILLAGA**